

Stjórnarfundur haldinn á Búgarði fimmtudaginn 3. Nóvember 2011 klukkan 20:00

Mættir eru: Þorsteinn, Kristlaug, Einar, Birkir, Þorgerður, Kristín, Jóhanna, Óskar.
Boðuð forföll: Edda Kamilla.

1. Styrkumsóknir
Engar styrkumsóknir hafa borist fyrir fundinn.
2. Innsend bréf
 - ÍSÍ sendi bækling um lyfjanoftkun sem verið var að gefa út.
 - Þrjú bréf í sambandi við Formanna fund ÍSÍ, hann verður 11. Nóvember nk. Bréf með um óformlegan fund sem að er haldinn á undan aðalfundinum um mál sem að jafnvel komast ekki að á formannafundinum og síðan er seinna fundarboðið um formannafundinn.
 - Bréf frá Menntamálaráðuneytinu, skipaður var starfshópur til að fara yfir íþróttamál á landinu og búa til stefnumótun varðandi íþróttamál. Hefur verið tekin í gildi stefnumótun í íþróttastarfs á Íslandi sem búið er að vera að vinna að síðan 2005 og gildir hún til ársins 2013, sendur var bæklingur með til stuðnings.
 - Félag íslenskra fíkniefnalögreglumanna. Eru að gefa út blað og sendu fyrirspurn hvort að UMSE vildi styrkja þá með kaup á blaðinu.

Óskar mætti á fundinn.

3. Sambandsþing UMFÍ
Óskar, Jóhanna, Þorsteinn og Þorgerður fóru á sambandsþing UMFÍ sem að haldið var í Hofi, Akureyri 15 og 16 október sl. Þau sögðu frá því sem að fram fór á þinginu. Breytingar urðu á stjórn UMFÍ á þinginu þar sem að nýir einstaklingar komu inn í stjórn og aðrir duttu út úr stjórn, bæði aðalstjórn og varastjórn.
4. Frjálsíþróttamál
 - a. Samningurinn við Ara
Lagðar verða lokabreytingar á samninginn við Ara.
5. Önnur mál
 - Búið er að panta jólahlaðborð á Hótel KEA föstudaginn 2. desember .
 - Æskilegt er að fyrir næsta fund að velja upp dagsetningum fyrir næsta þing og skoða þarf vegna úthlutunar úr afreksmanna sjóð sem fara á fram í desember.
 - Skoða þarf ef að það á að gera eitthvað í sambandi við 90 ára afmæli UMSE á næsta ári.
 - Boða þarf fljótlega formannafundinn, það yrði æskilegt að hann yrði í seinni part janúar og fyrir hann yrði æskilegt að stjórnin væri búin að endurskoða reglugerðina um lottóið og senda út til aðildarféлага áður en hann yrði.

Næsti fundur ákveðinn 6. Desember 2011

Fundi slitið 21:46

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður